

um frv. til l. um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Fyrir þrem árum flutti ríkisstjórnin frv. um skipan prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð. Frv. komst til menntmn. Nd., en þar stöðvaði ríkisstjórnin það. Á tveimur síðustu þingum flutti hún ekki slíkt frv.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er efnislega í tvennu lagi: Annars vegar er skipun prestakalla og prófastsdæma. Er þar um sameiningu prestakalla að ræða og nokkra fækkun sóknarpresta og prófata. Sú skipan veldur ekki neinum verulegum ágreiningi. Hins vegar felast í frv. margs konar ákvæði um embættafjölgun innan kirkjunnar og ríflegar fjárveitingar þar að auki til ráðstöfunar fyrir biskup og ráðherra.

Fjölgun embætta skv. frv. er þessi:

1. Heimild til að fjölga farprestum, og er fjölgunin ótiltekin.
2. Heimild til að ráða tvo aðstoðaræskulýðsfulltrúa. Nú er einn æskulýðsfulltrúi.
3. Heimild til að ráða presta til sjúkrahjónustu. Fjöldi þeirra er ótiltekinn.
4. Heimild til að ráða prest til starfa á Norðurlöndum, utan Íslands. Heimild var í fjárlögum til að launa slíkan prest fyrir nokkrum árum, en hún var felld niður og hefur ekki verið tekin upp aftur.

Laun allra þessara embættismanna eiga að greiðast beint úr ríkissjóði.

Þá eru ný embætti skv. ákvæðum frv. um kristnisjóð, en fjármagnið til starfsemi hans á allt að koma úr ríkissjóði.

5. Prestar og guðfræðingar til aðstoðarþjónustu í viðlendum eða fjölmönnum prestaköllum skv. ákvörðun biskups að höfðu samráði við hlutaðeigandi sóknarpresta og prófata. Fjöldi þessara embættismanna er ótiltekinn.
6. Starfsmenn, sem ráðnir skulu til sérstakra starfa í þágu kirkjunnar skv. ákvörðun biskups með samþykki kirkjuráðs. Fjöldi þeirra er ótiltekinn.
7. Styrkveitingar til safnaða, er ráða vilja starfsmenn á sínum vegum til ýmissa starfa.

Framangreindir starfsmenn kirkjunnar, sem ráðnir eru til fullrar vinnu, eiga að teljast opinberir starfsmenn.

Til viðbótar þeirri fjölgun embættismanna, sem hér hefur verið nefnd og frv. gerir ráð fyrir, kemur sjálfkrafa fjölgun presta í þéttbýli, skv. ákvæðum gildandi laga, sem eiga að haldast. T. d. mun verða fjölgað innan skamms a. m. k. um 6 presta alls í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði.

Ekki er gerð nein tilraun til að rökstyðja það í greinargerð frv., hvaða nauðsyn er á öllum þessum nýju embættismönnum. Minni hl. n. getur því ekki fallizt á slíka embættismannafjölgun, ekki sízt þegar þess er gætt, að mjög víða í þjóðfélaginu er tilfinnanlegur skortur á fjármagni til aðkallandi framkvæmda. Má þar t. d. nefna, að hundruð geðsjúkra manna fá enga hælisvist né læknishjálp vegna fjárskorts til geðverndarmála. Þá er fjöldi æskufólks þannig fjárhagslega settur, að framhaldsnám í skólum landsins er því ofviða í sivaxandi dýrtíð. Hvarvetna blasa við vanda málin, sem ekki eru leyst vegna skorts á fjárhagslegum stuðningi hins opinbera.

Þótt minni hl. n. geti ekki fallizt á þá fjölgun embættismanna, sem að framan getur, vill hann þó veita söfnuðum landsins nokkurn fjárhagsstuðning í fjárlögum til félagslegra starfa, svo og til innlendar og alþjóðlegrar hjálpar- og mannúðarstarfsemi, og flytur um það sérstaka brtt. við frv.

Allir söfnuðir Núpsprestakalls í Dýrafirði sendu menntmn. óskir um, að prestakallið héldist áfram. Héraðsskóli er að Núpi og því allfjölmennt þar hálf t. árið. Hefur Núpsprestur jafnan annazt einnig kennslu í skólanum. Minni hl. n. vill verða við þessum óskum og flytur um það brtt.

Þá styður minni hl. n. fram komna tillögu um, að Árnesprestakall í Stranda-sýslu haldist áfram, en um það bærust eindregnar óskir frá heimamönnum.

Aðrar brtt. minni hl. n. eru í samræmi við það, sem að framan hefur verið gerð grein fyrir, en allar eru brtt. á sérstöku þskj.

Alþingi, 16. apríl 1970.

Magnús Kjartansson,      Sigurvin Einarsson.  
frsm.